

# Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan

## 8. fundur

Þann 30. september árið 2011, klukkan 11:30 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er Eldey, Grænásbraut, 235 Reykjanesbæ.

**Mætt eru:** Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Sigrún Árnadóttir, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir.

Eftirtaldir boðuðu forföll: Eirný Vals og Gunnar Ellert Geirsson.

### Dagskrá fundarins.

1. Nýir atvinnuráðgjafar
2. Heimsókn til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

---

1. mál. – Atvinnuráðgjafar boðnir velkomnir

Nýir ráðgjafar boðnir velkomnir til starfa. Farið yfir stefnumótun og helstu verkefni sem framundan eru.

---

2. mál.- Heimsókn til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 4. nóvember.

Stjórn og starfsmenn munu fara í heimsókn til Atvinnuþróunarfélag Suðurlands 4. nóvember.

---

3. mál.- Önnur mál

Fulltrúar í stjórn Atvinnuþróunarfélagsins voru sammála um eftirfarandi bókum vegna raflínulagna í Vogum:

„Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja, Heklan, lýsir yfir verulegum áhyggjum af ákvörðun meirihluta bæjarfulltrúa í Vogum um að setja ákvarðanir um raflínulagnir á vestanverðum Suðurnesjum í uppnám. Hvað sem líður stórum atvinnuverkefnum á Suðurnesjum er full þörf á endurnýjun orkulagna um Suðurnes. Þar hefur verið miðað við heildstæða lausn óháða sveitarfélagamörkum. Bæjarfélögin eru á lokastigum með gerð sameiginlegs svæðisskipulags sem unnið hefur verið að í þrjú ár. Þar er gert ráð fyrir loftlínulögnum í óbyggðum svæðum í landi Grindavíkur, Voga, Garðs og Sandgerðis allt að Fitjum í Reykjanesbæ þegar kemur að íbúabyggð. Línulögnin í landi Voga er samkvæmt nýlega samþykktu aðalskipulagi Voga. Atvinnuþróunarfélagið hvetur bæjarfulltrúa í Vogum til að endurskoða ákvörðun sína svo ekki komi upp deilumál um hvort ný ákvörðun Voga er gild skv. samningum við Landsnet með tiheyrandi tölum og forða því að koma samvinnu

sveitarfélaganna í uppnám.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:08.